

Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
Arnarhváli
150 Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2012.

Efni: Vegna launaleiðréttinga starfsmanna mennta- og menningarmálaráðuneytis

Samhliða undirritun kjarasamninga sl. vor skuldbatt Stjórnarráðið sig til þess að tryggja að allir starfsmenn Stjórnarráðsins, sem eru félagar í Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS), og urðu fyrir kjaraskerðingu þann 1. janúar 2010, mundu fá hana leiðréttu fyrir 1. desember 2011.

Stjórn FHSS óskaði eftir því að trúnaðarmenn allra ráðuneyta gerðu könnun meðal starfsmanna á því hvort staðið hefði verið við þessa skuldbindingu. Fram hefur komið í svörum félagsmanna er starfa í mennta- og menningarmálaráðuneyti, til trúnaðarmanns, að þeir hafi verið hlunnfarnir, þ.e. að ekki hafi verið staðið við loforð um endurheimtur kjaraskerðingar frá 1. janúar 2010.

Hér með er óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að félagsmenn FHSS er starfa í mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa ekki fengið bættu þá kjaraskerðinguna sem þeir urðu fyrir 1. janúar 2010.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar FHSS



Arnór Snæbjörnsson